

## **Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um ofbeldi og vopnaburð ungmenna og áhrif samfélagsmiðla**

Á síðasta ári reið bylgja ofbeldis yfir meðal íslenskra barna og ungmenna í Reykjavík þar sem vopnaburður er notaður þ.m.t. eggvopn. Einnig hefur færst í aukana að ungt fólk taki myndskaið af ofbeldi sem það sjálf, beint eða óbeint er þátttakandi í eða verður vitni að, og setji það á samfélagsmiðla. Myndskaið af þessu tagi hafa farið eins og eldur í sinu og virðist stækkandi hópur barna sýna þeim áhuga og dreifa þeim áfram um netmiðlana. Þetta er áhyggjuefni. Það er ekki seinna vænna en ráðamenn borgarinnar, í samstarfi við foreldra og skólasamfélagið, kanni hvaða orsakir liggja að baki því að hópur barna velji að dreifa slíku efni í von um auknar vinsældir. Ljóst er að skýringar eru hvorki einfaldar né einhlítar.

Tölulegar staðreyndir staðfesta að útköllum lögreglu og sérsveitar hefur fjölgað vegna eggvopna þar sem ungt fólk kemur við sögu sem gerendur. Gerendur eru jafnvel niður í 12 ára aldur. Verið er að undirbúa breytingu á vopnalögum. Reglur eru þegar vissulega strangar en engu að síður fjölgar tilfellum þar sem ungt fólk grípur til hnífa með það að markmiði að skaða annan einstakling. Erfitt er að ná utan um skráningu eggvopna.

### Hvað þurfa börnin?

Öll vitum við hvað það er sem börn þurfa til að geta vaxið úr grasi og orðið heilbrigðir og heilsteyptir einstaklingar. Grunnþörfum barna þarf að sinna. Barn sem er svangt vegna fátæktar foreldra fær ekki einni af helstu grunnþörfum sínum mætt. Barn sem ekki fær tækifæri til að festa rætur í félagslegu umhverfi, mynda vinatengsl og stunda nám meðal jafninga fær ekki námslegum, félagslegum né tilfinningalegum þörfum sínum mætt. Börn sem beitt eru ofbeldi af einhverju tagi eiga á hættu að skaðast andlega og koma út í lífið stundum full af reiði og biturleika.

Það sem börn þurfa til að þrífast er ást og aðhald. Börnum þarf að sinna á öllum sviðum til að þeim geti líðið vel og notið hæfileika sinna. Börn þurfa fræðslu og þeim þarf að setja mörk. Kenna þarf börnum að koma ávallt vel fram við aðra og vera góð við minnimáttar, börn og dýr. Sé skortur á einhverjum þessara þátta eru auknar líkur á að barnið þrói með sér vandamál og vanlíðan sem mun marka þau og hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir þeirra jafnvel alla ævi. Börn þrá tengingu við aðra, fullorðna jafnt sem jafningja og þau þrá viðurkenningu. Fáir þau ekki umbun, ást og viðurkenningu í raunheimi eru líkur á að þau leiti að henni á samfélagsmiðlum eða í gerviveröld.

Rannsóknir og lærðar skýrslur hafa ítrekað bent á niðurstöður sem sýna að vanlíðan og vansæld hefur farið vaxandi hjá börnum. Það sýnir sig í aukningu í sjálfsvígsgælum, sjálfsskaða og sjálfsvígstilraunum.

Af hverju er ekki verið að vinna markvisst og kerfisbundið að innleiðingu Barnasáttmálans í Reykjavík? Í Barnasáttmálanum er kveðið á um að börn eigi rétt á fræðslu, vernd, aðstoð og meðferð, leiki grunur á að þau séu skaðleg sjálfum sér og eða öðrum. Í Skólapijónustu Reykjavíkurborgar bíða nú 2048 börn eftir sálfræðiaðstoð og greiningu og meðferð hjá talmeinafræðingum. Reykjavíkurborg hefur sofnað á verðinum. Ástandið er ekki skárra á ríkisstofnunum eins og BUGL og Þroska- og hegðunarstöð. Biðlistar eftir þjónustu þar eru í sögulegu hámarki.

Flokkur fólksins kallar eftir að borgarstjórn sem stjórnvald vakni til lífsins og sinni þessu mikilvæga verkefni. Í umræðunni sem kallað er eftir í borgarstjórn 3. janúar er þess vænst að borgarstjórn öll leggist yfir stöðuna, ræði viðbrögð, aðgerðir og forvarnir sem lúta að þeirri

neikvæðu þróun sem hér er lýst. Orð eru til alls fyrst en huga þarf að aðgerðum og aðferðarfræði. Málefni barna og ungmenna varða okkur öll. Kjarnaspurningin er hvernig Reykjavíkurborg geti og ætli að beita sér til að spyrna fótum við þeirri óheillapróun sem hér er lýst. Reykjavíkurborg sem sveitarfélag sem rekur m.a. skóla og félagsmiðstöðvar verður að axla einhverja ábyrgð enda á þessi þróun sér djúpstæðar orsakir og langan aðdraganda.